

ÞG/ÞG

Umhverfis- og skipulagsráð Reykjanesbæjar

Guðlaugur H. Sigurjónsson sviðstjóri
Ráðhús Reykjanesbæjar
Tjarnargata 12
230 Reykjanesbæ

Varðar: Beiðni Sindra um úthlutun afmarkaðs reits í Njarðvíkurskógum til skógræktar.

Á 274. fundi Umhverfis- og skipulagsráðs Reykjanesbæjar þann 13. ágúst 2021 lagði St. Jóhannesar Stúkan Sindri, sem starfar innan Frímúrarareglunnar á Íslandi, fram beiðni um að fá einum hektara úthlutað í Njarðvíkurskógum fyrir uppbyggingu skóglendis og græns svæðis. Umhverfis- og skipulagsráð tók vel í erindið og samþykkti að stúkan fengi svæði til umráða.

Síðan þá hafa farið fram fundir með embættismönnum bæjarins og svæðið skoðað til að finna hentuga staðsetningu. Í framhaldi af þeim umræðum vill undirritaður fara þess á leit við umhverfis- og skipulagsráð Reykjanesbæjar fyrir hönd St. Jóhannesar Stúkunnar Sindra að fá einum afmörkuðum hektara (**sjá hjálagðar teikningar í viðhengi**) úthlutað í Njarðvíkur-skógum til umráða.

Sindri vill leggja sitt af mörkum til umhverfismála og undirbýr átak í gróðursetningu til kolefnisbindingar en einnig til að skapa ákjósanlegt umhverfi til útvistar og afþreyingar fyrir sína félagsmenn. Sýn Sindra er að fá þennan afmarkaðan reit og móta svæðið til framtíðar í samstarfi við Umhverfis- og skipulagssvið. Hlúa að myndarlegum lundi bræðrum til gleði og ánægju sem og samfélaginu til heilla svo að sómi verði að. Svæðið verður öllum opið og mun falla vel að heildarmynd Njarðvíkurskóga.

Virðingarfyllst,

Þorvarður Guðmundsson
Stólmeistari Sindra

Móttekið f.h. Umhverfis- og skipulagsráðs
Reykjanesbæjar

Hjálagt:

Teikningar – afmarkað svæði.



